

MARILYN FRENCH

# Vera í víti

 SAGA  
EGMONT

MARILYN FRENCH

# Vera í víti

 SAGA  
EGMONT

Marilyn French

# Vera í víti

Saga

*Vera í víti*

*Translated by*

Lóa Aldísardóttir

Original title

*A Season in Hell*

Coverphoto: Jeannie/Writer Pictures/Ritzau Scanpix

Copyright © 1998, 2019 Marilyn French and SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726030716

1. e-book edition, 2019

Format: EPUB 2.0

All rights reserved. No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

SAGA Egmont [www.saga-books.com](http://www.saga-books.com) - a part of Egmont,  
[www.egmont.com](http://www.egmont.com)

# 1992

## MARS-JÚNÍ

Laugardagsmorgunninn 7. mars 1992 var bjartur og sólríkur á austurströnd Flórída. Það verður heitt, hugsaði ég með mér, en klæddi mig samt í buxnadrägt og fór í háhæla skó því í dag átti ég að ávarpa deildarfund Kvenréttindasamtaka Bandaríkjana. Ég bý ein og talaði þess vegna ekki við neinn fyrr en ég mætti á veitingastaðinn og þau hjá Kvenréttindasamtökunum buðu mig velkomna. Mér krossbrá þegar ég heyrði hjáróma ýl berast úr hálsi mínum. Ég kannaðist ekki við röddina og botnaði ekkert í þessu. Daginn áður fór Jamie dóttir mín aftur heim til New York eftir vikuheimsókn. Ég hélt ég hefði fengið barkabólgu meðan hún var hjá mér en röddin hafði samt verið eðlileg. Það var hún ekki núna.

Vinur minn Mike Edmondson kom og heilsaði upp á mig. Það kom mér á óvart að hitta hann þarna - fáir karlmenn mæta á fundi Kvenréttindasamtakanna. En Mike er pólitískur og feministi að auki. Það rifjaðist upp fyrir mér að við höfðum ætlað saman í bíó fyrir nokkrum vikum en það hafði einhverra hluta vegna farist fyrir.

„Gaman að sjá þig Mike! Hvernig hefurðu haft það?“

„Ekkert of gott, Marilyn, og þess vegna hringdi ég nú ekki í þig. Ég var greindur með krabbamein á mánudeginum eftir að þú komst í mat.“

Ég fölnaði upp.

„Krabbamein í eistum. Þeir skáru mig upp. Það er búið að taka það. Mér líður ágætlega núna.“

Ég ætlaði ekki að ná því að hann hefði verið greindur og læknaður á svo skömmum tíma. „Þetta hljómar eins og kraftaverk,“ sagði ég.

„Svona meðhöndla þeir þetta núorðið.“ Hann brosti. Mike er myndarlegur maður á fertugsaldri og ljómar af hreysti. Það var jafn ótrúlegt að krabbamein gæti grasserað í honum og hitt að hann hefði læknað á þeim fáu vikum frá því ég hitti hann síðast.

Á meðan við spjölluðum um meðferðina varð mér hugsað til vinkonu minnar Sibyl Claiborne. Ég flaug til New York í febrúar til að taka þátt í pallborðsumræðum sem hún stjórnaði hjá PEN rithöfundasamtökunum um tabú í bókmenntum. Þennan sama dag hafði Sibyl hitt krabbameinslækninn sinn og sagði mér, lágum áhyggjufullum rómi, að hún hefði verið greind með lungnakrabbamein. Læknarnir á sjúkrahúsi New York Háskólans sögðu henni að meinið væri pínulítið og batahorfur góðar. Þegar hún sagði mér frá þessu varð ég lostinn slíkri skelfingu að það var sem málmbumba væri barin í brjósti mér. Ég byrjaði á að segja að ég væri með krabbamein líka en tókst að stöðva mig í tíma. Ég var ekki með krabbamein. Af hverju fannst mér það samt? Allar götur síðan haustið 1991 hafði ég haft á tilfinningunni – eða ímyndað mér – að einhver djúpstæður krankleiki væri í líkama mínum. Í nóvember hafði ég fengið flensu sem sat í mér mánuðum saman og upp úr henni fékk ég kvef sem var enn ekki horfið í mars. Ég reyndi að telja mér trú um að skelfingin yfir fréttunum af Sibyl væri bara hluttekning. Kannski langaði mig til að taka þátt í raunum hennar af því að mér þótti svo vænt um hana og fannst sárt að hún þyrfti að bera þetta böll. Maðurinn hennar dó fyrir nokkrum árum og einkasonurinn lést af alnæmi árið áður. Hún átti enga fjölskyldu, átti raunar engan að nema nána vinkonu sína Grace Paley.

Kannski var ég með samviskubit yfir því að reykja ennþá. Ég hafði reykt síðan ég var fimmtán, síðan á lokaballinu í gaggó sem var haldið á Café Rouge í gamla Pennsylvaníu hótelinu fyrir 46 árum. Ég varð strax fíkill og fór fljótlega að reykja pakka á dag. Læknar og vinir hvöttu mig árum saman til að hætta en ég var með réttlætningarnar á reiðum höndum. Það væri ekkert krabbamein í mínum ættum en auk þess hafði ég enga trú á því að athöfn sem ég naut svo ríkulega gæti skaðað mig. Henry frændi (sem drakk líka og reykti) var alveg dásamlegur og sagði mér reglulega sögur af ættingjum sínum (tómum karlmönnum) sem reyktu tvo pakka og drukku fimmtung úr viskíflösku daglega þar til þeir dóu 94ra ára gamlir. Ég treysti því að ég tæki eftir þeim.

En þegar ég hlustaði á Mike fann ég skelfinguna hvolfast aftur yfir mig þó að honum væri batnað og úr allri hættu. Og nú var ég komin með einkenni. Skelfingin varð viðvarandi, líkust endurteknum bassadrinum úr sekkjapípu sem brúkuð er í miðaldatónlist. Stundum virtist rödd hennar drukkna í hávaða hinna hljóðfæranna en samt heyrist alltaf til hennar, nístandi í bakgrunninum.

Ég hélt erindið með hálf-röddu minni sem lagaðist hvorki þennan dag né næsta. Tíu dögum síðar hringdi ég í lyflækninn minn í New York, Edith Langner, sem ég treysti betur en nokkrum öðrum lækni og sagði henni að ég hefði misst röddina eftir langvarandi kvef. Hún skrifaði upp á sýklalyf og bað mig um að hringja aftur í næstu viku. Viku síðar var röddin óbreytt. Ég var ekki með nein önnur einkenni. Hún giskaði á að þetta væri ofnæmi og mælti með nefúða. Sjálf var ég sannfærð um að ég væri með krabbamein í hálsi.

Framundan var spennandi og annasamt ár. Síðustu sjö árin, í níu til tíu tíma á dag sjö daga vikunnar, hafði ég verið að rannsaka heimildir og skrifa sögu kvenna. Verkefnið hlóð svo utan á sig að ekkert annað komst að. Ég hafði ekki gefið út nýja bók síðan 1986, ekki fengið neina fyrirframgreiðslu síðan 1985 og var ekki ennþá búin með kvennasöguna. En ég var langt komin. Eftir að hafa skrifað nokkur hundruð blaðsíðna lýsingu á því hvernig konur hefðu verið heftar í gegnum tíðina skrifaði ég kafla um það hvernig lög og siðir 20. aldar hafa farið með konur. Þegar ég var búin með kaflann fannst mér efnið svo átakanlegt að það yrði að gefa hann út sérstaklega og það strax. Ég notaði kaflaheitið, *Stríðið gegn konum*, sem titil bókarinnar og útgefendur mínir heima og erlendis vildu endilega gefa hana út. Hún átti að koma út í nokkrum löndum í mars og apríl 1992 og ég hafði lofað að kynna bókina í Írlandi, Englandi, Þýskalandi, og í Bandaríkjunum til að kynna bókina. Ég hlakkaði til að fara til útlanda, endurnýja kynnin við gamla vini, koma aftur á kunnuglega staði og bregða undir mig betri fætinum eftir kyrrsetu síðustu ára. Ég fengi að ferðast á ný, taia í bókabúðum og kynnast nýju fólki – allt það sem veitir mér ánægju en ég hafði ekki gert svo lengi.

Þann 19. mars flaug ég til New York og fór í lungnamyndatöku samkvæmt tilmælum Langners læknis. Hún hafði nöldrað í mér út af reykingunum allt frá því ég fór fyrst til hennar og hafði greinilega áhyggjur af því að ég gæti verið komin með lungnakrabbamein. En röntgenmyndin sýndi að lungun voru hrein.

Kvöldið áður en ég hélt í kynningarferðina fagnaði nornagengið mitt vorjafndægurum. Nornagengið varð til þegar Gloria Steinem bauð E. M. (Esther) Broner, Carol Jenkins og mér í mat kvöld eitt árið 1988. Ms. tímaritið hafði þá nýlega verið selt (tímabundið) tveimur áströlskum feministum svo Gloria átti ekki jafn annríkt og vanalega. Í



fyrsta skipti í mörg ár átti hún lausar stundir sem hún ákvað að verja í það sem hana langaði en ekki til skylduverka. Meðal annars var að hitta konur sem hún vildi kynnast betur. Hana langaði líka til að mynda hóp sem gæti haldið saman upp á, ekki hefðbundna hátíðisdaga, heldur fornar hátíðir, sólstöður og jafndægur. Við ákváðum að kalla okkur nornagengið og sóttum fyrirmyndina til hinna vitru grasakerlinga sem mynduðu nornaklíkur í Evrópu á miðöldum. Með árunum urðum við svo nánar vinkonur – ekki í þeim skilningi að við vissum allt hver um aðra heldur urðum við þess konar vinir er þekkja kosti hver annars, skynja ótta þeirra, langanir og viðleitni til að losa sig úr þeim rútinum og flauelsfellingum sem eru þeim til trafala. Síðast en ekki síst höfðum við brennandi áhuga á velferð hverrar annarrar. Þessar konur voru (og eru) meðal mikilvægustu vina minna. Fyrsti fundurinn var haldinn heima hjá Gloriu. Ég man ekki hvað við ræddum þetta fyrsta kvöld en við settumst til borðs klukkan átta og stóðum ekki upp aftur fyrr en klukkan þrjú um nóttina. Við vorum allar á því að halda þessu áfram og á næstu fundum notuðum við sama skipulag og fyrsta kvöldið.

Daginn eftir fund nornagengisins í mars 1992 fór ég um borð í vél til London.

Ég naut ferðarinnar út í ystu æsar. Víðs vegar um Bretland og Þýskaland talaði ég í bókabúðum troðfullum af fólki (aðallega konum) sem blöskraði aðstæður kvenna alveg jafn mikið og mér og varð tíðrætt um hvernig þær gætu bætt ástandið. Í Dublin hitti ég rithöfundinn Lois Gould vinkonu mína sem kom frá Mayo-sýslu til að fara með mér út að borða. Það er krökkt af fínun veitingastöðum í Dublin núorðið og við skemmtum okkur konunglega eins og alltaf. Ég hélt erindi við háskólann í Dublin og fór með nokkrum líflegum írskum feministum í teboð til þáverandi forseta

Írlands, Mary Robinsons, á herrasetur hennar á Howth Hill. Hún hafði óskað eftir að hitta mig (við hittumst í veislu í Mayo-sýslu árið sem hún bauð sig fram en þá þekkti hún ekkert til mín). Ég dáist mjög að frú Robinson. Með lagni tókst henni að nýta sér valdalaust og takmarkað embætti til að halda uppi sterkri og jákvæðri siðferðisumræðu. Fundur okkar hristi upp í íhaldsblöðunum sem höfðu fylgst af hryllingi með Írlandsheimsókn minni og blásið út af hneykslun á forsíðum sínum.

Eftir enn frekari kynningar í Englandi flaug ég til Þýskalands þar sem ég átti að halda fyrirlestur á hverju kvöldi í heila viku og veita auk þess nokkur viðtöl á dag. Til að launa mér þetta púl komu útgefendurnir mér fyrir á þeim glæsilegustu hótelum sem ég hafði nokkurn tímann séð (sérstaklega í Köln, þar sem ég hafði útsýni yfir dómkirkjuna handan götunnar út um frönsku svalagluggana á antíkfulltri svítunni minni). Ég fór frá Bonn til Frankfurt, frá Düsseldorf til Kölnar og flaug svo til München en þangað hafði ég aldrei komið fyrr. Þaðan átti ég að fara til Berlínar og síðan heim. Þýski útgefandinn minn, Claudia Vidoni, fylgdi mér á þessu ferðalagi og fór með mig í göngutúr um München eina kvöldið sem ég átti frí.

Ég þekkti sögu Münchenar og gleypiti þess vegna í mig þessa sérkennilegustu borg Þýskalands sem ég hafði séð (að frátalinni Berlín, þá hafði ég aðeins farið í gegnum borgirnar nema í Austur-Þýskalandi). Ég bað Claudiu um að sýna mér torgið þar sem Hitler hélt fyrstu fjöldasamkomur sínar. Við jaðar þess stendur gamalt minnismerki sem Hitler ákvað að helga málstað nasista. Allir sem áttu leið hjá merkinu urðu að heilsa að hætti nasista að viðlagðri dauðarefsingu, sagði Claudia. Minnismerkið stendur enn og hefur nú verið helgað nýjum hugsjónum. Ég stóð þarna lengi sem lömuð. Hálsinn bólгнаði, ég kom ekki upp orði og varð ringluð. Þrúgandi tilfinning fyllti hugann og skyndilega

hvolfdist yfir mig óljós tilfinning fyrir flókinni hugmynd, eins og þegar augað nemur risastórt landakort í einu vetfangi, er mér varð hugsað til allrar þjáningarinnar sem upphófst hér í þessum heilandi og undarlega gamla bæ. Þjáningarinnar sem var síðan flutt til Berlínar, þangað sem ég átti að fljúga daginn eftir. Þetta er stutt flug, það tók Hitler miklu lengri tíma að færa sig þangað frá München. Stalín fór þangað líka og þar mættust tröllauknar maskínur þessara manna, aðeins tveggja dauðlegra manna. Allur árangurinn af ævistarfi þeirra mættist í Berlín. Ég hafði ekki komið þangað síðan múrinn féll en ég hafði einu sinni gengið meðfram því ljóta fyrirbæri og mænt upp á rústirnar austan múrsins.

Þetta var bara lína á korti, nærri því bein lína í norðnorðaustur, sama stefna og ég ætlaði að taka á morgun. Ég sá Hitler fyrir mér safna stuðningi í München, halda inn í Berlín og taka völdin í glæsiborg keisarans með öllum sínum höllum og lystigörðum, linditrjám, indælu húsasundum og fínu íbúðum, sínum mynduglega arkitektúr og sóðalegu kabarettum. Stalín reis til valda í Rússlandi þegar á slátrunum borgarastyrjaldarinnar stóð, meðan milljónir blæðandi búka lágu deyjandi í snjónum og drap svo að eigin frumkvæði milljónir til viðbótar. Þeir gerðu með sér bandalag sem Henry frændi minn hélt fram að yrði ósigrandi: Þýskaland hafði iðnaðinn, Rússland hráefnin. Sameinuð yrðu þau ósigrandi, uppástóð hann. En þeir klúðruðu því. Tveir menn, tvær andstæðar hugsjónir, en eineggja tvíburar í harðstjórn og kúgun. Báðir gyðingahatarar, ef satt skal segja. Hversu margar manneskjur eyðilögðu þeir samanlagt? Gyðingar Evrópu voru fluttir í innsigliðum vögnum í fangabúðir sem enginn lifði af í raun og veru (því þeir sem sluppu lifandi voru skemmdir á sálinni sem smitaði frá sér til næstu kynslóðar).

Og ofsóknarherferðir Stalíns. Og stríðið sjálf. Hversu margar milljónir manneskja gerir það samtals?

Mér fannst þessi beina lína frá München til Berlínar vera sem djúpt svöðusár í hold álfunnar og að frá því læki blóðið í allar áttir, þekti álfuna og heiminn þar fyrir handan, og færi svo yfir veröldina alla eins og flóðbylgja sem engan skildi eftir ósnortinn eða ósáran.

Nú þegar múrinn er fallinn eru búðirnar orðnar að minnisvörðum, þessu er öllu lokið (nema nasismanum sem er að aukast fylgi núna, einmitt í þessari borg þar sem hann komst fyrst á skrið). Eyðileggingu múrsins þótti rétt að fagna með viðhöfn, rétt eins og páfanum og erkibiskupnum af Kantaraborg þætti við hæfi að fá sér tesopa saman (sem þeir gerðu reyndar fyrir nokkrum árum) til að fagna því að slátranir kirkjunnar manna, brennur, aflimanir, bannfæringar, rannsóknarréttir, nornaofsóknir, útskúfanir og æsingarræður, sem fóru eins og sinueldur um Evrópu fyrir tveimur öldum, væru loks afstaðnar núna seint á 20. öldinni. Hei, nú fáum við okkur te.

Ég kom ekki upp nokkru orði. Fæturnir gátu varla borið mig aftur heim á hótél. Ég var úrvinda og yfirbuguð af tilgangsleysi vegna morðæðis þessa kynstofns sem ég tilheyri. Mér fannst ég vera að deyja og mig langaði mest til að deyja.

En um leið var ég forviða á sjálfri mér. Það var nú ekki eins og þetta væri í fyrsta skipti sem ég leiddi hugann að þessum tveimur mönnum eða sögu þessa tímabils. Ég var heldur ekki vön að klökkna og bugast vegna löngu liðinna atburða. Ég velti því fyrir mér hvað væri eiginlega að mér, hvers vegna ég sökkti mér niður í slíkan örvæntingarpytt – hvers vegna ég væri svona meyr.

Daginn eftir flaug ég til Berlínar og framundan var sneisafull dagskrá. Daginn þar á eftir átti ég að fara frá Þýskalandi. Ég mætti í sjónvarpsviðtal klukkan sjö um

morguninn og olli þar óvart móðursýkiskasti með því að mæta í kóngabláum kjól en bakgrunnurinn í stúdíóinu var einmitt kóngablár. Upptökustjórinn krafðist þess að nýr bakgrunnur yrði fundinn og neitaði að hefja upptökur fyrr en hann væri kominn í leitirnar. Ég var orðin stressuð því ég þurfti að ná í farangurinn minn á hótelið áður en ég færi út á flugvöll. Þegar til kom hafði ég tvo klukkutíma til ráðstöfunar áður en vélin færi í loftið. Ég fékk bílstjórann minn til að keyra framhjá staðnum þar sem Checkpoint Charlie stóð áður. Það var alltaf þrekraun að komast inn í Austur-Berlín hvort sem maður fór í bíl, strætó, járnbraut eða neðanjarðarlest. Núna keyrðum við bara sem leið lá í gegnum hliðið.

Þótt stór hluti af hinni sósíalísku Austur-Berlín hefði fengið að grotna niður, ekki síst í kringum múrinn, þá ríkti þar heillandi friður ef maður hélt spölkorn inn í borgina, friður sem hvergi fannst í vesturhlutanum. Vesturhlutinn var ein tröllvaxin auglýsing á hlutum, glymjandi samkeppni neónljósa er reigðu sig sem hæst til að sjást fyrir austan og seldu göfugar myndavélar og bíla, sjónvarpstæki og útvörp. AusturBerlín var á margan hátt hljóðlátur, lítill bær. Tré stóðu meðfram íbúðablokkum, það var lítið um bíla, verslanir voru sjaldséðar (og engin neón-skilti) og fáir á ferli. Borgin var hljóðlát og ósnyrt. Núna eftir hrun múrsins voru byggingaframkvæmdir úti um allt með risastórum krönum og upprifnum götum svo fúinn blasti hvarvetna við. Framkvæmdirnar gætu leitt til auðugri framtíðar en á þessari stundu var svæðið ansi hráslagalegt.

Þegar ég kom um borð í vélina fannst mér að ég hefði aldrei í lífi mínu verið svona þreytt. Þreytan var svo djúpstæð að mér fannst hún hljóta að stafa af sjúkleika. Ég sagði flugfreyjunum að vekja mig ekki í kvöldmatinn og svaf alla leiðina heim.

Ég fékk hins vegar engan tíma til að ná mér. Um leið og ég lenti var mér skutlað til New York að kynna bókina. Ég talaði á Bóka- og höfundahádegisverði Newsday í Grasagarði Brooklyn og veitti bæði sjónvarps- og blaðaviðtöl. Langner læknir rannsakaði mig og fann ekkert athugavert en vildi senda mig til háls-, nef- og eyrnalæknis. Ég pantaði tíma hjá honum þann 4. maí eftir tvær vikur og hélt áfram að kynna bókina. Ég flutti ræðu í Sarah Lawrence College og fór í slatta af sjónvarps- og útvarpsviðtölum. Á afmælisdegi Shakespeares, þann 23. apríl, flaug ég til Terre Haute til að tala um *Líku líkt* við fylkisháskólann í Indiana. Vikuna þar á eftir fór ég í viðtöl í Washington, D.C. og talaði á Smithsonian safninu. Því næst flaug ég til Boston og sneri svo aftur til New York seint á föstudegi.

Mánudaginn 4. maí hitti ég háls-, nef- og eyrnasérfræðinginn. Hann greindi mig með ofnæmi eins og Edie og skrifaði upp á sama nefúðann. Ég sagði honum að úðinn væri gagnslaus. Hann sagði að ég hefði ekki notað úðann rétt og gaf mér nýjar leiðbeiningar. Ég þáði leiðréttinguna með þökkum, jafnvel þótt bassadrunurnar glymdu yfir allt sem hann sagði. Viku síðar flaug ég til Fíladelfíu og síðan til Torontó þar sem ég ávarpaði talsverðan mannfjölda við háskólann. Ég var kynnt fyrir hinum frábæra pistlahöfundi Michele Landsberg á *Toronto Star*. Michele, sem er vinkona Esther Broner, hefur líka orðið góð vinkona mín. Hún fór með mig út að borða ásamt hópi af fjörmiklu og hlýlegu fólki. Slíkir kvöldverðir með greindarlegum og lifandi samræðum voru með mestu nautnum í lífi mínu. Eitt stundarkorn gleymdi ég hræðslunni.

Á mæðradaginn fóru börnin mín með mig út að borða í SoHo í hádeginu en hræðslan var hlaupin í mig aftur. Ég vissi að það var eitthvað að. Sú tilfinning að ég væri með

krabbamein hékk yfir mér eins og ósýnileg svört dula sem enginn vissi af nema ég. Stundum hvarflaði þó að mér að þetta væri tóm ímyndun. Ég minntist ekki á þetta við neinn. Ég byrgði bara skelfinguna inni, ófær um að útskýra óþægindatilfinninguna sem nagaði tilveru mína. Mér fannst ég ekki hafa neinn rétt á að tala um þetta og talaði þess vegna bara helst ekkert. Eins og ástfangin manneskja með einhvern giftan eða óviðeigandi á heilanum gat ég ekki talað um það sem íþyngdi mér þó að ég hugsaði ekki um annað. Ég fór eins og draugur í gegnum viðtöl og ræður. Ég hélt erindi hjá KFUK í New York, fór í nokkur viðtöl og flaug svo til Chicago í fleiri upplestra og viðtöl. Í lok vikunnar tók ég við heiðursgráðu frá Hofstraháskóla sem ég útskrifaðist frá og hélt ræðu en jafnvel þar var ég kjarklaus og fannst ég vera ein og innilokuð með mitt hræðilega leyndarmál. Vikuna þar á eftir voru enn fleiri viðtöl og bókaveisla á yndislegu heimili Charlotte Sheedy sem er umboðsmaðurinn minn. Viku síðar flaug ég til vesturstrandarinnar að sinna frekari kynningarmálum.

Snemma í júní fór ég til Boston á fund Harvard Graduate Society Council sem haldinn er tvisvar á ári en þetta er óformleg nefnd sem hefur þann megintilgang að viðhalda tengslum útskrifaðra nemandna við háskólann. Meðan ég var að klæða mig á hótelinu mínu í Cambridge fyrir kvöldmatinn lagði ég fingurgómana af rælni á mjúka blettinn rétt ofan við vinstra viðbeinið. Ég fann fyrir tveimur litlum, hörðum hnúðum. Skelfingin spratt upp en lognaðist svo útaf. Hugboð mitt var orðið að fullvissu.

Þessi ferð var á minn eigin kostnað svo ég gat tekið mér smátíma til að sinna einkaerindum. Mig langaði til að hitta Barböru Greenberg en við höfðum verið nánar vinkonur í þrjátíu ár. Barbara er ljóðskáld og býr í Boston og hún bauðst til að keyra mig um Lincoln en þar er söguvið skáldsögunnar *Faðir vor* sem ég var að skrifa. Ég skoðaði

þennan yndislega bæ oft á Harvard-árunum mínum en nú vantaði mig ítarlegra baksvið fyrir skáldsöguna. Við Barbara eyddum þar dýrlegum degi í að skoða kirkjur og mæna á herrasetur.

Harold maðurinn hennar Barböru er skurðlæknir og eftir langt hjónaband þeirra hefur hún viðað að sér talsverðri þekkingu á læknisfræði. Þess vegna bað ég hana um að koma við hnúðana og segja mér hvað hún héldi þegar við vorum komnar aftur heim til hennar og sátum afslappaðar yfir drykk. Hún gerði það, hnyklaði brýrnar og sagði: „Sýndu Harold þetta í kvöld.“ Harold kom heim um það leyti sem við vorum á leið út að borða og ég endurtók beiðnina. Hann kom við þá, hnyklaði brýrnar og sagði líka: „Sýndu lækninum þínum þetta.“ Þau reyndu að dylja áhyggjur sínar og kvíða sem styrkti mig í þeirri trú að hnúðarnir væru krabbameinsæxli.

Um leið og ég kom til New York pantaði ég aftur tíma hjá háls-, nef- og eyrnasérfræðingnum. Hann pantaði tölvusneiðmynd. Þegar ég var að yfirgefa læknastofuna, sagði hann: „Mér þykir þetta afar leitt, fröken French.“ Ég dró þá ályktun að hann þyrfti enga tölvusneiðmynd til að þekkja krabbamein þegar hann snerti á því. Sneiðmyndin var tekin fimmtudaginn 11. júní og sýndi æxlisvöxt í vélinda. Ég fékk niðurstöðurnar á föstudegi.

Á sunnudeginum flaug ég niðurbrotin til Dublin að halda opnunarræðu á málþingi um Joyce. Ég er mjög hrifin af Írlandi og hef oft gengið um Dublin í Bloomsday-ferðum mínum og öðrum heimsóknnum en þessi átti að vera sérstök því Mary Robertson forseti landsins átti að kynna mig. En þegar ég var búin að halda ræðuna og mæta í Bloomsday hátíðarkvöldverðinn (sem var haldinn í Trinity þetta árið en ekki Dyflinnarkastala) fór ég heim. Ég dvaldi ekki lengur til að njóta borgarinnar eða fylgjast með afganginum af málþinginu eins og ég geri vanalega. Ég var of hrædd og



kvíðin og svo þurfti ég líka að leggja niður fyrir mér hvernig ég vildi haga meðferðinni.

Daginn sem ég kom heim fór ég á St. Luke-Roosevelt spítalann því háls-, nef- og eyrnasérfræðingurinn ætlaði að láta taka vefjasýni. Hann hringdi í mig áður en þeir voru einu sinni búnir að skoða sýnið. Það var enginn vafi í huga hans: æxlið í vélindanu var illkynja. Hann vildi skera upp, taka það eins fljótt og hægt væri, hvernig væri mánudagurinn? Tilhugsunin um að hann gæti losað mig við þetta krabbamein með svo skjótum og auðveldum hætti var lokkandi og ég samþykkti. En ég hringdi líka í Edie Langner sem sagði að hann væri að fara of geyst. Bíddu, ráðlagði hún mér. Fáðu álit fleiri lækna. Ég skal finna einhver nöfn fyrir þig.

Daginn eftir, á föstudag, átti ég að fljúga til Stratford í Ontario til að halda erindi á Shakespeare leiklistarhátíð en hálsinn á mér var of aumur eftir vefjasýnistökuna til þess að ég væri fær um að tala. Ég áttaði mig á þessu seinnipartinn á fimmtudeginum sem var full seint til að finna annan ræðumann. Mér fannst hræðilegt að bregðast fólkinu í Stratford svona á síðustu stundu og leitaði í huganum að staðgengli. Þá datt mér skyndilega Gloria í hug. Það skipti engu máli þó hún væri ekki sérfræðingur í Shakespeare, það yrðu allir himinlifandi yfir að sjá og heyra í frægasta feminista heims sem er jafnframt glæsileg, greindarlegur ræðumaður og yndisleg manneskja. Ef hún væri laus, ef hún væri til í þetta, gæti hún haldið erindið sem ég hafði skrifað - það er að segja ef hún vildi nota það. Hún gæti jafnvel haft gaman af því, ég hafði greint *Líku líkt* og lagt sérstaka áherslu á hin margvíslegu sögulok verksins þar sem tvær konur heimta réttlæti sér til handa. Hinn raunverulegi stjórnandi hafði verið í burtu en staðgengill hertogans, Antonio, hafði sært þær báðar. Konurnar kæra Antonio fyrir það sem við myndum kalla kynferðislega

áreitni og nauðgun. En það makalausá við röksemdir Antonios og hertogans (í hlutverki hinna karllegu yfirvalda) sem eru notaðar til að þagga niður í og vísa konunum á bug er að þær eru nákvæmlega hinar sömu og karlar í þingnefndinni gegn Anitu Hill notuðu meðan vitnaleiðslur stóðu yfir í Clarence Thomas-málinu.

Ég hringdi í Glóriu sem sagðist með ánægju gera þetta, sérstaklega af því að ég hafði aldrei áður beðið hana um nokkurn hlut. Ekki eitt orð um að hún þyrfti að fórna fágætri fríhelgi og fljúga auk þess til Kanada strax daginn eftir. Hún fór og heillaði auðvitað fólk svoleiðis upp úr skónum að aðstandendur og áhorfendur í Stratford voru yfir sig hrifnir. Þar að auki gaf hún alla þóknunina til málstaðar sem hún styður. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum sem skýrir hvers vegna svo margir líta á hana sem dýrling.

Vefjasýnið leiddi í ljós að ég var með hægvaxta flöguþekjukrabbamein. Seinna komst ég að því að þykkildið sem háls-, nef- og eyrnasérfræðingurinn fann var ekki frumæxlið heldur meinvarp. Edie hafði bjargað mér frá hræðilegum mistökum. Ef háls-, nef- og eyrnasérfræðingurinn hefði skorið burt æxlið þá hefði hann ekki náð öllu krabbameininu en gæti hafa skemmt barkakýlið því að æxlið lá við taug sem tengist raddböndunum. Ég fór aldrei aftur til hans.

Særindin í hálsinum jöfnuðu sig á tveimur dögum og á mánudeginum flaug ég samkvæmt áætlun til Amsterdam á árlega Bókahátíð feminista þar sem ég átti að halda tölu. Ég naut þessarar viku á hátíðinni, þ.e. eins mikið og ég gat notið nokkurs á þessum tíma. Ég hitti Marleen Gorris (sem átti eftir að fá Óskarsverðlaun árið 1996 fyrir myndina Antonia's Line en hafði þá þegar gert hina eftirminnilegu A Question of Silence sem margir töldu að væri besta

feminíska kvikmynd sem gerð hefði verið). Ég rökræddi við Fay Weldon (indæl kona sem mig greinir ekkert stórvægilega á við). Ég gekk út að Marken vitanum, yndislegum stað við Ysselmeer vatnið sem var áður kallað Zuyder Zee, ásamt vinkonum mínum Annaville Petterson og Nettie Blanken. Þetta var of langur göngutúr fyrir mig og ég var mjög þakklát þegar við kíktum inn á krá til að fá okkur bjór og samlokur á bakaleiðinni.

Ég gekk um þarna í eins konar leiðslu, velti því fyrir mér hvort þetta yrði í síðasta skiptið sem ég hitti þennan eða hinn vin minn, síðasta skiptið sem ég heimsækti þessa yndislegu borg, síðasta skiptið sem ég kæmi út á meðal fólks sem tiltölulega heilbrigð manneskja. Og það var vissulega raunin.

# 1992

## JÚLÍ

Daginn eftir að ég kom heim frá Amsterdam var tekin önnur tölvusneiðmynd og ég fór á fund nokkurra krabbameinssérfræðinga. Edie hafði mælt með lungnasérfræðingi á Sloan-Kettering spítalanum (S-K), krabbameinsslækni á Columbia Presbyterian sjúkrahúsinu og konu sem rak einkastofu. Börnin mín komu með til að hjálpa mér að velja á milli þeirra. Læknirinn á Sloan-Kettering sagði að þykkildið sem hafði fundist væri ekki frumæxli og að nauðsynlegt væri að finna upptökin áður en meðferð gæti hafist. Hann grunaði að frumæxlið væri í lunganu en gat hvorki fundið það á lungnamyndinni né á tölvusneiðmyndinni.

Allir þessir læknar komu fram við mig eins og ég væri ábyrg og vitborin manneskja. Enginn þeirra fann frumæxlið á röntgenmyndunum sem ég gekk nú með á mér (þeir á Sloan-Kettering týndu fyrstu myndunum). Samt virkuðu þau misjafnlega á mig.

Krabbameinssérfræðingurinn hjá Columbia, afar viðkunnanlegur maður, virtist svo áfjáður í að lækna mig að hann var viss um að geta það auðveldlega. Hann bægði frá sér vandamálinu með frumæxlið einum of léttilega til að vera traustvekjandi. Krabbameinsslækninum á einkastofunni gramdist svo að við komum of seint að hún komst ekki yfir það (við Jamie lentum í hálf tíma umferðarteppu). Hún sýndi engan áhuga á málinu eða á því hvernig hægt væri að finna frumæxlið og hafði enga trú á að ég myndi lifa þetta af. Lungnasérfræðingurinn á S-K, Elliot Strong, var mjög

alúðlegur og horfði í augun á mér þegar við töluðum saman. Þar að auki átti hann eftir að gera nokkuð sem vakti með mér traust og virðingu á honum.

Ég var nánast aldrei ein þessar vikur sem ég þvældist milli lækna. Einn eða fleiri – annað eða bæði börnin mín, Charlotte Sheedy, Esther Broner, Gloria Steinem, LeAnne Schreiber, Barbara Greenberg – komu með mér í hvert sinn sem ég fór til læknis, í tölvusneiðmynd, í sýnitöku og einn eða tveir borðuðu með mér á hverju kvöldi. Annan júlí hélt nornagengið fund, okkar vanalega sólstöðufund, sem hafði frestast vegna ferðar minnar til Hollands. Ég upplifði hann hins vegar frekar eins og neyðarfund helgaðan mér.

Á nornagengisfundum tínumst við inn, fáum okkur í glas og kjöftum saman áður en við setjumst að formlegu kvöldverðarborði. Kertum er dreift um allan fundarstaðinn og ljósin deyfð. Eftir kvöldverðinn færum við okkur yfir í hægindastóla og svo byrjar ein okkar. Hún lýsir fyrir okkur vandamáli sem hún þarfnast hjálpar við að leysa – hún finnur kannski ekki rétta leið til að ná ákveðnu marki eða sér ekki hvernig hún geti breytt sér á einhvern þann hátt sem hana langar til. Við hlustum af áhuga, reynum að umorða það sem sagt er til að vera vissar um að skilja. Síðan ræðum við hvað hún þurfi að gera til að ná settu markmiði. Að því loknu upphefst sá hluti kvöldsins sem er töfrum líkastur. Þá umkringjum við leitandann, stöndum yfir höfði hennar og köllum eftir þeirri orku, hugrekki og skýrleika sem hún þarfnast til að uppfylla þrá sína. Ég segi töfrum líkastur því ég upplifi þessa stund eins og galdur: sú sem óskar sér finnst hún umvafin velvilja og ást en veitendunum finnst vald sitt aukast með höfðinglegri gjafmildi og ást. Og satt best að segja hefur okkur stundum tekist að hjálpa hverri annarri til að uppfylla þár og yfirstíga erfiðleika.

Þetta kvöld, þegar vinkonur mínar umkringdu mig, var eins og hold þeirra og sálir væru rafmagnaðar. Þær umbreyttu sjálfu andrúmsloftinu, ákölluðu alla góða anda og öfl til að koma og umlykja mig, græða mig.

Rob sonur minn keyrði mig daginn eftir að sveitasetrinu mínu. Höfuðið á mér starfaði ekki eðlilega, ég var svo ringluð að ég óttaðist að lenda í slysi ef ég reyndi að keyra. Börnin – Jamie, Rob og Barbara – höfðu skipulagt stóra veislu þessa helgi. Þau kölluðu það fjórða-júlí-innlagnarhátíð, ég kallaði það kveðjuveislu. Slatti af vinum mínum og barnanna komu. Krakkarnir sáu um allt: innkaup, eldamennsku og tiltekt daginn eftir. Margir gistu um nóttina og í veislulok fannst mér ég, aldrei þessu vant, vera umvafin ást, velfarnaðaróskum og djúpstæðri umhyggju.

Önnur vika leið og ekkert gerðist. Á sinn hægláta hátt hélt Edie því fram að enginn vissi neitt endanlega um krabbamein og að enginn gæti spáð fyrir um framtíð mína. Hún vildi hvorki gera ráð fyrir að ég væri búin að vera né hinu að mér myndi batna. En ég var kvíðin, tíminn leið og krabbameinið óx án þess að nokkur gerði neitt. Ég var viss um að enginn myndi aðhafast fyrr en ég gerði það (angi af þeirri tilfinningu sem ég hafði í æsku um að ég bæri alla ábyrgð á fjölskyldu minni!), að lækarnir væru óöruggir og þess vegna lamaðir. Ég hringdi því í Strong lækni, sem ég hafði kunnað best við bæði sem manneskju og lækni, og sagði honum að ég hefði áhyggjur af biðinni og vildi að eitthvað gerðist í mínu máli. Hann sagði mér að koma og hitta sig. Charlotte fór með mér.

Til að lækni geti talist framúrskarandi, umfram læknisfræðilega kunnáttu, þarf hann að hafa einn persónulegan eiginleika til að bera: skilning á þjáningu, innsæi í sársauka. Maður skyldi ætla að allir yfir þrítugt hljóti að hafa reynslu af sársauka en í rauninni eru

karlmenn í samfélagi okkar hvattir til að afneita sársauka og þjáningu og læknaskólarnir ýta jafnvel undir slíka afneitun. Af því leiðir að margir læknar, konur jafnt sem karlar, brynja sig og lokast. Auðvitað finna þeir sársauka – hjá því verður ekki komist – en þeir leyfa sér ekki að upplifa sársaukann og læra því ekkert af honum og geta ekki notað hann til gagns. Og það sem við neitum okkur sjálfum um, neitum við öðrum um.

Það þarf enga sérstaka frasa eða látbragð til að gefa í skyn skilning á sársauka (þrátt fyrir hin þekktu orð forsetans: „Ég finn til með ykkur“). Af þeim sem skilja sársauka stafar eðlislæg víðsýni og einlægur skilningur á tilfinningum í bæði orðum og framkomu. Þannig kom t.d. nýrnasérfræðingurinn á Mount Sinai sjúkrahúsinu, sem ég var hjá 1995–96, til mín um áttaleytið á hverjum morgni – eins og flestir læknar gera. Ég er morgunsvæf og var alltaf sofandi þegar hann kom. En í stað þess að hrópa á mig skerandi röddu, „Frk. French!“ svo ég hrykki upp, eins og flestir læknar gerðu, þá nam hann þegjandi staðar við rúmið og lagði hönd sína varlega á enni mitt. Við þetta vaknaði ég alltaf í mínu ljúfasta skapi (það er hreinasta kraftaverk þegar ég vakna ekki úrill að morgni!). Mér þótti afar vænt um hann fyrir þetta.

Strong læknir var maður sem skildi þjáningu. Hann skoðaði tölvusneiðmyndina betur og hristi aftur höfuðið. Hann endurtók að enginn hefði getað komið auga á það, jafnvel með hjálp stækkunarglers. Síðan sagði hann: „Frk. French, þú veist hvar frumæxlið er. Þú ein veist það. Leggðu höfuðið í bleyti og hringdu svo í mig.“

Ég reyndi það og eftir nokkurn tíma rifjaðist upp fyrir mér þegar ég sat síðastliðið sumar á veröndinni minni í Berkshires að borða samloku úr góðu gyðingarúgbrauði með stökkri skorpu. Einu sinni þegar ég kyngdi sat brauðbitinn skyndilega fastur í hálsinum. Það var eins og

hann kæmist ekki framhjá einhverri bólgu. Á þeirri stundu hætti hjartað í mér að slá og ég hugsaði með mér: Guð minn góður! Hvað er þetta? En ég bægði spurningunni frá mér. Þetta var ekkert. Ef þetta væri eitthvað þá kæmi það í ljós fyrr en síðar, sagði ég við sjálfa mig.

Það var komið í ljós.

Ég hringdi í Strong lækni og sagði honum að frumæxlið væri um það bil 5 sm fyrir neðan viðbeinið. Hann sagðist myndu leggjast yfir röntgenmyndina og rýna í hana millímetra fyrir millímetra með stækkunargleri. Nokkrum dögum síðar hringdi hann og sagðist hafa fundið örlítið þykkildi nákvæmlega þar sem ég sagði að það myndi vera.

Rob og LeAnne Schreiber, gömul vinkona mín úr Harvard, fóru með mér í næstu læknisskoðun. Við þurftum að bíða í fjóra klukkutíma. Strong læknir sagði að ég yrði að fara í barkaspeglun og ómskoðun til að sannreyna staðsetninguna. Ég hlýt að hafa verið miður mín og sýnt það, því hann krafðist þess að ég biði og hitti McCormack lækni sem átti að framkvæma speglunina. Kannski hélt hann að það myndi róa mig þegar ég sæi að læknirinn væri kona. (Mig minnir þó að ég hafi aðallega verið miður mín yfir að hafa verið látin bíða í samtals sjö klukkustundir þennan dag). Brjóstholsskurðlæknirinn, sem var frægur á S-K (og kannski víðar), var fyrrverandi nunna og eini kvenlæknirinn sem ég hitti nokkurn tímann á S-K. Patricia McCormack læknir var hlý og blátt áfram án þess að vera afskiptasöm. Hún veitti mér fyrstu (og einu) vonarglætuna sem ég átti eftir að fá. Það væri sama hvers konar krabbamein ég hefði, sagði hún, það hafði fundist snemma, var lítið og einangrað á einu svæði og ætti að vera móttækilegt fyrir meðferð *ef* líkami minn svaraði lyfjameðferðinni.

Tveimur dögum síðar, óguðlega snemma morguns, fórum við Charlotte á S-K og ég var svæfð áður en aðgerðin hófst.